TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/22/EB **2001/EES/51/29**

frá 28. apríl 2000

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 87/402/EBE um veltigrindur framan við ökumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvídd(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB ([2]), einkum 11. gr.,

Með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/402/EBE frá 25. júní 1987 um veltigrindur framan við ökumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvídd ([3]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að auka öryggi er nauðsynlegt að skýra nánar prófunaraðferðir fyrir veltigrindur, sem eru áfestar framan við ökumannssæti á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvídd, með tilliti til þess að búnaðurinn, sem er notaður, er af margvíslegri gerð.

2) Samræma ber prófunaraðferðir fyrir veltigrindur þeim sem mælt er fyrir um í 6. reglugerð Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um opinberar prófanir á veltigrindum á landbúnaðardráttarvélum.

3) Breyta ber tilskipun 87/402/EBE með tilliti til þessa.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með 12. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I. til V. viðauka og VII. viðauka við tilskipun 87/402/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. júlí 2001 er aðildarríkjunum óheimilt:

— að neita að gefa út EB-gerðarviðurkenningu eða skjalið sem um ræðir í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— banna að dráttarvélar séu teknar í notkun, ef þær dráttarvélar uppfylla kröfurnar í tilskipun 87/402/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. janúar 2002 mega aðildarríkin:

— ekki lengur gefa út skjalið sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 87/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 87/402/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 87/402/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 2001 í síðasta lagi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 107, 4.5.2000, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2000 frá 30. nóvember 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 8, 15.2.2001, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10.

([2]) Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23.

([3]) Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. til V. viðauka og VII. viðauka við tilskipun 87/402/EBE:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. liðar í I. viðauka:

„1. Kröfurnar í 1. lið í 6. reglugerð OECD (ákvörðun C(87) 53, endanleg útgáfa frá 24. nóvember 1987, eins og henni var síðast breytt 3. mars 1999) skulu gilda að undanskildum lið 1.1.“

2. Eftirfarandi komi í stað II. viðauka:

„*II. VIÐAUKI*

TÆKNIKRÖFUR

Þær tæknikröfur sem ber að uppfylla við EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir veltigrindur framan við ökumannssæti á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvídd skulu vera þær sem um getur í 3. lið 6. reglugerðar OECD (ákvörðun C(87) 53, endanleg útgáfa frá 24. nóvember 1987, eins og henni var síðast breytt 3. mars 1999). Þessar tæknikröfur gilda ekki um þá kafla í 3. lið þar sem fjallað er um prófunarskýrsluna, minniháttar breytingar og sanngreiningu.“

3. III., IV. og V. viðauki falli brott.

4. Í VII. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:

„— rétthyrningur utan um lítið „e“, þar á eftir komi auðkennandi númer aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenningu íhlutar:

1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 5 fyrir Svíþjóð, 6 fyrir Belgíu, 9 fyrir Spán, 11 fyrir Breska konungsríkið, 12 fyrir Austurríki, 13 fyrir Lúxemborg, 17 fyrir Finnland, 18 fyrir Danmörku, 21 fyrir Portúgal, 23 fyrir Grikkland, 24 fyrir Írland,“.